# Fátækrafulltrúarnir í Reykjavík 29. október 1936. Skýrsla vegna umsókna úr Elli- og lífeyrissjóði

Bjarni Benediktsson – Fátækrafulltrúarnir - Elli- og lífeyrissjóði – Örorkubætur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-1, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fátækrafulltrúarnir í Reykjavík.

Reykjavík, 29. október 1936.

MVJ/GÞ.

Vegna umsókna úr Elli-og lífeyrissjóði er skýrsla þessi tekin.

Frá 1/1.-30/9. þ.á. hefir verið greitt af fátækrafje úr bæjarsjóði, vegna 49 hjóna, 213 einstaklinga, alls kr.157,785.oo, allir þessir sækja um ellilaun og aðrir hafa ekki á þessu aldursskeiði fengið framfærslustyrk.

Um ellilaun og örorkubætur hafa sótt 12 hjón og 42 einstaklingar, sem fengið hafa framfærslustyrk frá 1/1.-30/9. þ.á., samtals kr. 33,650.oo.

Fyrir styrkþega á þessu aldursskeiði greiddi bæjarsjóður í septembermánuði einum kr. 5932.oo, er því sýnt að margir þeirra hafa ekki sótt.

Um örorkubætur hafa sótt 13 hjón, 42 einstaklingar, sem fengið hafa framfærslustyrk frá 1/1.-30/9. þ.á., samtals kr.38,326.--.

Fyrir menn í þessum flokki, sem styrk fá vegna veikinda, samkv. læknisvottorðum, greiddi bæjarsjóður í septembermánuði einum kr. 10,937.oo er því sýnt að allir þeir hafa ekki sótt.

Það skal tekið fram, til skýringa á upphæðum þeim, sem nefndar eru í sambandi við styrkþega þá, sem sótt hafa um ellilaun- og örorkubætur að lyf, sjúkrahúsvist og læknishjálp er ekki innifalin í upphæðinni, því að gert er ráð fyrir að slíkar greiðslur komi frá sjúkratryggingum gegn lögskipaðri greiðslu, er því rjett að bæta iðgjaldi til sjúkrasamlags við upphæðina miðað við mannfjöldann ef reikna á hvað viðkomandi hefði þurft til að komast af.

Virðingarfyllst

Magnús V. Jóhannesson

Hr. prófessor Bjarni Benediktsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur